

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 326

júní 2021



**We Serve**

Júní 2021. Blað nr. 326

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsu, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Líonsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Líonskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



## FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

### Starfsárið 2020-2021

Fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Umdæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa settur umdæmisstjóri

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vítaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Ellert

Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Vara fjölumðæmisstjóri: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Ásgeir Þór Ásgeirsson,

Lkl. Hængur

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vítaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Búðardals

GST stjóri: (verkefni) Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

Lestraráttaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjóri: Hördur

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna):

Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Föld

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

New Voices stjóri: Íris Bettý

Alfreðsdóttir, Lkl. Keili

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Stefán

Árnason, Lkl. Vítaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi


## Fjölumðæmisstjórn:



Björn Guðmundsson, fjölumðæmisstjóri. Björn er félagi í Lionsklúbbnum Hæng. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: bjorn@byggd.is



Jónas Yngvi Ásgrímsson, umdæmisstjóri 109 A. Jónas er félagi í Lionsklúbbnum Dynk. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: jonasy@simnet.is



Anna Fr. Blöndal, settur umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingbergisdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varumðæmisstjóri 109A: Þóra Bjarney

Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Varumðæmisstjóri 109B: Anna Fr.

Blöndal, Lkl. Ylfa

Varumðæmisstjóri (annar) 109A: Íris

Bettý Alfreðsdóttir, Lkl. Keili

Varumðæmisstjóri (annar) 109B:

Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vítaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2020 – 2021:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngvadóttir, Ísland

First Vice President: Douglas X.

Alexander, USA

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell, United

States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan;

Qazi Akram Uddin Ahmed,

Bangladesh;

Shoichi Anzawa, Japan;

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States;

Gary F. Brown, United States;

Rodolfo Espinal, Dominican Republic;

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan;

Jongseok Kim, Korea;

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India;

Geoffrey Leeder, England;

Mark S. Lyon, United States;

Heimo Potinkara, Finland;

JP Singh, India;

Steve Thornton, United States;

Juswan Tjoe, Indonesia;

A. Geoffrey Wade, United States;

Dr. Walter Zermosser, Austria

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Líonskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Bryndís Ragnarsdóttir,

Líonsklúbburinn Úa



## Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu líonsfélagar og aðrir lesendur. Þá er síðasta tölublað starfsársins komið út. Þetta blað er prentað blað sem og gefið út á neti eins og öll önnur blöð okkar hér á Íslandi.

Nú fer sumarið í hönd og flestir huga að ferðalögum í sumarfríum sínum nú eða bara að njóta dásemda landsins okkar hvar sem við erum stödd. Það er greinilegt að flestir félagar eru komnir í sumargírinn og er heldur lítið af efni í þessu blaði sem er dapurlegt þar sem það er prentað. Ég vænti þess að með auknum bólusetningum þá fara klúbbar að starfa með eðlilegum hætti og þá setji klúbbar það á stefnuskrá sína að skrifa greinar í blaðið okkar. Blaðið jú stendur og fellur með okkur félögumum svo nú er að bretta upp ermar og auka veg blaðsins okkar aftur.

Meðal efnis í þessu blaði eru afmælisgrein frá Líonsklúbbnum Muninn en hann varð 50 ára nú fyrr á árinu, eins grein úr sögu Líonsklúbbs Vestmannaeyja sem er fróðleg og myndir frá líonsþinginu á Akureyri. Margt fleira er í blaðinu sem er fróðlegt og skemmtilegt.

Nú eru flestir klúbbar komnir í sumarfrí og blaðið líka og verður næsta blað ekki gefið út fyrr en í september en auglýst er hér í blaðinu um skilafrest í það.

Ljósmyndasíðan er á sínum stað en hún er frekar fátækleg en þar má finna forsíðumyndina okkar sem Bryndís Ragnarsdóttir í Líonsklúbbnum Úu tók.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska ykkur öllum gleðilegs sumars og hlakka til að vinna með ykkur á næsta starfsári.

Netfang Líonsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með líonskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri



# Lærdómur af Covidfaraldri

## Pistill Alþjóðaforseta



Heil og sæl Lionsfélagar  
Af öllum þeim hæfileikum sem Lionsfélagar hafa, þá er einn sem sérstaklega nær yfir alla klúbba vítt og breitt: það er að breyta erfiðu ástandi í tækifæri.

Nú þegar við erum komin vel inn í árið 2021, meira en ári eftir að takmarkanir og lokanir hófust, þá hafa margir Lionsklúbbar stillt sig eftir nýju ástandi. Reglur vegna faraldursins virðast ekki lengur vera framandi, þær eru einfaldlega partur af lífi okkar.

Þó við vitum að þetta ástand varir ekki að eilífu, þá hafa margar af þeim aðlögunum sem klúbbar hafa gert reynst mjög áhugaverðar. Það er þess virði að skoða hvort við getum nýtt þær áfram í þjónustu okkar eftir faraldurinn.

Til dæmis höldum við nú fundi án þess að vera saman í húsakynnum. Netfundir hafa gert Lionsfélögum kleyft að leggja lið þrátt fyrir faraldurinn, þeir hafa einnig opnað dyr að nýjum möguleikum. Ég heyrí oft foreldra eða ungt fólk sem er að byrja að leggja útá lífsbrautina segja að þau myndu sannarlega vilja þjóna, en það væri bara enginn tími til að

sækja fundi. En hvað væri ef fundirnir væru heima hjá þeim? Allt sem þyrfti til væri internettenging og klukkuþími af tíma þeirra? Engar umferðartafir og engin barnapía.

Við eigum möguleika á að gera miklar breytingar á hvernig við þjónum. Þetta þýðir ekki endilega að allir klúbbar hefðu netfundi. En það er þess virði að skoða hvort við ættum að halda í eitthvað af þeim breytingum sem við þurfum að gera á síðasta ári.

Venjur eru dásamlegar. Lionsfélagar elska að hafa það sem þeir þekkja nálægt sér. Venjur geta og verða innleiddar, alveg eins og við gerum sjálf. Tökum til dæmis þennann mánuð þar sem við einbeitum okkur í að styrkja félagamálin, þar sjáum við að við getum innleitt og notað efni frá síðasta ári til að leiðbeina okkur til framtíðar.

Ykkar einlægur

*Dr. Jung-Yul Choi*  
*Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar*

## Unglingadeildin Dreki og Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Unglingadeildinni Drekanum í Snæfellsbæ bárust góðar gjafir á dögnum þegar félagar úr Lionsklúbbi Ólafsvíkur færði þeim þrjá þurr-galla að gjöf. Munu gallar þessir koma að góðum notum í störfum deildarinnar. Til dæmis munu þeir nýtast vel þegar krakkarnir eru að æfa sig og einnig þegar farið er með krakkana út á bátum sveitarinnar og þegar verið er að leika sér í vötnum. Þess má geta að sveitin keypt svo þrjá galla í viðbót og eru því til sex gallar fyrir krakkana.



Skilafrestur á efni í næsta blað er 2. september

# LYKILL að árangri

## Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions  
Formaður Alþjóðahjálparsjóðsins



### Samstarf

„Við erum öll í þessu saman“, segjum við, þegar við viljum sigra stórar áskoranir, eins og til dæmis heimsfaraldur. Við vitum að við erum sterkari saman, við notum það líka sem hvatningu á mikilvægum augnablikum. Við höfum mismunandi styrkleika og saman myndum við sterkt gangverk. Fyrir Lions er samstarf alltaf lykill að árangri, hvort það sem er milli klúbba, eða milli embættismanna í umdæmum, samstarf við aðra í samfélaginu, eða milli landa. Allir klúbbar á Íslandi sameinast reglulega undir merkjum Rauðrar fjaðrar, til að leggja góðu málefni lið. Lionsklúbbar á Norðurlöndum sameinast undir merkjum NSR (Norræna samstarfsráðsins) og leggja lið í öðrum löndum þar sem neyðin er stærri. Lionsfélagar um alla heim sameinast með LCIF (Alþjóðahjálparsjóðnum) og leggja lið okkar minnstu bræðrum, hvar sem er í heiminum.



Sterkt gangverk

### Áhrifavaldur

Helen Keller hvatti Lions til samvinnu. Hún minnti okkur á að við getum áorkað meiru saman: „Ein getum við gert svo lítið; saman getum við gert mikið“ Hún skoraði á Lions að gerast „Riddarar hinna blindu, í herför gegn myrkri“ og hefur sjónvernd verið okkar aðalverkefni síðan 1925, eða nánast í heila öld. Með samstarfsaðilum hefur Lions unnið að

því að bæta hag blindra, stutt við rannsóknir og meðferð á augnsjúkdómum og bætt heilbrigði og velferð margra einstaklinga, fjölskyldna og heilu samfélagana með sjónverndarverkefnum.



Helen Keller

### Gagnkvæm virðing

Það er stundum spurt hvort Lions megi eða eigi að vera í samstafi við aðrar hreyfingar eða samtök. Samstarf er til bóta, EF um er að ræða sameiginleg markmið og gagnkvæman ávinning og heiður. Það er ekki samstarf ef Lionsklúbbar safna fé meðal almennings, eða með eigin vinnu undir merkjum Lions og gefa féð svo til þriðja aðila, sem notar féð í verkefni undir eigin nafni, án þess að geta samstarfs Lions. Lionsfélagar og þeir sem styðja okkur við Lionsverkefni eiga rétt á að vera sýnilegir og fá heiðurinn og þakkirnar.

### Alþjóðlegt samstarf

Mörg alþjóðleg samtök leita eftir samstarfi við Lions. Við leitum líka eftir samstarfi við öflugra alþjóðlega aðila. Við vinnum með nokkrum af bestu samtökum heims, til að hámarka getu okkar, til að geta lagt fleirum lið.

Samstarfið byggir á sameignlegum markmiðum og hagsmunum. Í fyrsta lagi, þá veitum við fjárframlög til þeirra sem hafa fagþekkingu og tengingar til að ná bestum árangri. Í öðru lagi fáum við fé frá samstarfsaðilum til að sinna okkar Lionsverkefnum, sem samræmast markmiðum beggja. Í þriðja lagi getur samstarfið snúist um tæknilega ráðgjöf sem við þiggjum til að ná alþjóðlegum markmiðum. Ég ætla að nefna nokkur dæmi um alþjóðlegt samstarf.



### Saman gegn mislingum

Margir þekjja alþjóðlega mislingaátakið sem við höfum unnið að í áratug í samstafi við „Bill and Melinda Gates Foundation“ (B&MGF). Það byrjaði sem tilraunaverkefni þar sem Lions/LCIF og B&MGF lögðu fram sömu fjárupphæð til að bólusetja 41 milljón börn, einkum í Afríku. Lionsfélagar í viðkomandi löndum skipulögðu og unnu við átakið. Þetta gekk vel og þróaðist í nýjan farveg í gegn um

GAVI, sem er „Alþjóðabandalag um bólu-setningar“, en B&MGF eru aðalstyrktaraðilar GAVI, í samstarfi við WHO, UNICEF og Alþjóðabankann. Mislingabólusetningar urðu aðeins að víkja í ár vegna COVID, en eru hvergi nærri hættar, og enn er hægt að styrkja verkefnið beint af vefsíðu LCIF.



Íslandsdeild SO

### Special Olympics

Special Olympics voru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni í Bandaríkjunum 1968. Markmið SO er að bjóða upp á íþróttir fyrir þroskahefta og þá sem eiga við námserfiðleika að stríða. Íþróttasamband Fatlaðra gerðist aðili að SO 1989 og er umsjónaraðili samtakanna á Íslandi.

Eunice Kennedy Shriver (systir John F Kennedy Bandaríkjaforseta) var framkvæmdastjóri SO, þangað til sonur hennar Timothy Shriver tók við 1996. Hann hefur haldið uppi merkjum SO útvíkkað og þróað áfram.

Sjónverndarverkefni SO og Lions hófst árið 2001 og hafa meira en 400.000 íþróttamenn fengið sjónmælingu og 175.000 fengið gleraugu. Í 20 ára samstarfi hefur LCIF veitt yfir 23 milljónum Bandaríkjadala til Special Olympics til að bæta sjón, heyrn og heilsu íþróttafólks innan SO.



World Health Organization

### WHO, Alþjóða heilbrigðismálastofnunin

LCIF hefur verið í samstarfi við Alþjóða heilbrigðismálastofnunina (WHO) í marga áratugi, en fyrir rúmum 30 árum undirritaði LCIF og WHO sérstakan samstarfssamning um sjónvernd. WHO veitir stefnumótandi ráðgjöf og leiðbeiningar við verkefni Lions vegna sjónverndar, við rannsóknir og lækningu á augnsjúkdóma og að auka lífsgæði blindra og sjónskertra. LCIF vinnur með WHO að nýjum verkefnum við að útrýma blindu barna, sem er hægt að koma í veg fyrir. Þetta er alþjóðlegt átak í 30 löndum. Alls hafa 131

milljón börn notið góðs af samstarfinu. LCIF og WHO hafa einnig sameinast um þróun tækja til að meta bæði stjórnun sykursýki og sjónkvilla af völdum sykursýki.



Jimmy og Rosalyn Carter með Lions í Afríku

**The Carter Center**

Jimmy Carter er fyrrverandi Umdæmisstjóri Lions og var Forseti Bandaríkjanna 1977-1981. Hann stofnaði The Carter Center (TCC) 1982 með konu sinni Rosalyn, til að efla frið og heilbrigði um heim allan. TCC hefur unnið að því að bæta líf fólks í yfir 80 löndum m.a. með því að leysa átök, efla lýðræði, mannréttindi og efnahagsleg tækifæri; að koma í veg fyrir sjúkdóma og bæta heilbrigðisþjónustu. LCIF

hóf samstarf við TCC fyrir 30 árum og hefur veitt TCC yfir 40 milljónir dollara til að vinna að sjónvernd, að uppræta alvarlega augnsjúkdóma og blindu í Suður-Ameríku og Afríku, einkum í Eþíópíu, Nígeríu og Úganda. Jimmy Carter og TCC tilnefndu LCIF til Friðarveðlauna Nóbels 2008 og 2011, vegna starfa að mannúðarmálum og sjónvernd í þróunarlöndum.



**Sameinuðu þjóðirnar**

Á þessu ári fögnuðum við 75 ára farsælu samstarfi við SP sem hófst 1945, þegar Melvin Jones stofnandi Lions tók þátt í undirbúningi að stofnun SP. Anna Blöndal skrifaði grein um SP í síðasta Lionsblaði, sem ég hvet alla til að lesa. Lions á fulltrúa í mörgum deildum, ráðum og undirnefndum SP, svo sem UNESCO, FAO,

UNDOC, UNICEF og fleiri. Markmið Lions og kjarnaverkefni falla öll að Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun. Mörg af stærri samstarfsverkefnum okkar snúa að börnum og ungmennum, má nefna vímuvarnir, Lions Quest og Friðarveggsþjaldið. Árlega er „Dagur Lions með Sameinuðu þjóðunum“ haldinn í Höfuðstöðvum SP í New York, til að kynna samstarfsverkefni, skoða ný tækifær og áretta mikilvægi samstarfsins. Við erum sterkari saman,

Guðrún Björt Yngvadóttir



**Lions Clubs International FOUNDATION**



**Hjálparsjóður  
Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur  
Munum eftir Hjálparsjóðnum,  
öll framlög í hann skipta máli.  
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions**

**Minning + Örn Johnson – Kveðja**



Akranesi til Selfoss er stærsta fjárflyunarverkefni klúbbsins okkar,

Örn Johnson hvarf skyndilega til eilífa austursins 21. febrúar 2021. Hann varð bráðkvaddur á heimili sínu. Í Lionsklúbbi Seltjarnarness var Örn einn af okkar öflugustu félögum. Hann var ritari klúbbsins og gengdi því af kostgæfni. Það mæddi mikið á ritara í covid ástandi en hann sá til þess að koma klúbbsfélugum saman á Zoom fundi þannig að klúbbsstarfið starfaði af fullum krafti. Örn var drifffjöldur í að halda öllum hlutum gangandi. Jóladaगतölin sem klúbburinn sér um að dreifa frá

en í því verkefni lá Örn ekki á liði sínu. Hann hafði undanfarið gengt stöðu svæðisstjóra umdæmis 108 hjá Lionshreyfingunni. Við í Lionsklúbbi Seltjarnarness kveðjum góðan féлага með söknuði og biðjum guð að blessa minningu hans.

Deyr fé,  
Deyja frændur  
Deyr sjálfur ið sam;  
En odstír  
Deyr aldregi,  
Hveim er sér góðan getur.  
(Úr Hávamálum)

f.h. Lionsklúbbs Seltjarnarness.  
Hannes Einar Halldórsson,formaður



## Kolefnisjöfnunarverkefni Dynks í Þjórsárdal



Sigoaldi, Guðmundur, Sigurður, Oddur og Örlýgur tilbúnir í slaginn.



Félagar undirbúa daginn.



Kristján og Örlýgur fara yfir stöðuna.



Jónas Yngvi plantar birkinu.



Hluti af gróðursetningarsvæði Dynks.

Félagar í Lkl. Dynk settu af stað metnaðarfullt verkefni fyrir ári síðan á söndum Þjórsárdals. Klúbburinn fékk úthlutað landspildu rétt við Hjálparfoss í Þjórsárdal þar sem hafist var handa við gróðursetningu birkiplantna. Laugardaginn 8. maí síðastliðinn var tekinn upp þráðurinn og félagar fjölmenntu í dalnum og héldu áfram að setja niður trjáplöntur.

Verkefni Dynks til kolefnisjöfnunar er í samstarfi við Hekluskóga um gróðursetningu á birkiplöntum í Þjórsárdal í gróðursnaudu landi, alþöktu vikri frá Heklu. Gróðursetning af þessu tagi hefur gefið góða raun í Landssveit sem og í Þjórsárdal. Hekluskógar staðfesta eða

votta það að gróðursetningin hafi verið framkvæmd af Lionsklúbbnum Dynki á viðkomandi svæði.

Kolefnisjöfnunin byggir á losunarstuðli sem milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna gefur út til leiðbeiningar og styðst m.a. Umhverfisstofnun við þennan stuðul til þess að meta losun gróðurhúsalofttegunda við brennslu á jarðefnaeldsneyti. Þannig er reiknað út hvað hver brenndur lítri af jarðefnaeldsneyti skilar af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Þegar það liggur fyrir er metið hvað þarf mörg birkitré til þess að binda það koltvíoxíð sem losnar út í andrúmsloftið. Auk þessa er stuðst

við reiknivél, sem finna má á vefsvæði alþjóða flugmálastofnunarinnar, varðandi losun gróðurhúsalofttegunda í flugferðum.

Á vefsvæðinu lions-dynkur.is má kaupa kolefnisjöfnun í formi birkitrjáa sem verða gróðursettar í Þjórsárdal. Þar getur fólk valið að kolefnisjafna eldsneytiseyðslu bifreiða, eða keypt það magn af plöntum sem þarf til að bæta samviskuna í kolefnismálum.

*Björgvin G. Sigurðsson og Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, félagar í Lkl. Dynk.*

## Nýir Model klúbbar


Nú á þessu starfsári þegar klúbbar hafa almennt ekki haft miklar fjáraflanir verður það að teljast kjarkur að Ngerast Model klúbbar og skuldbinda klúbbinn þannig til að greiða að lágmarki 500 dollara fyrir hvern féлага til Campaign 100 átaks alþjóðahjálparsjóðsins.

Nú eru Model Club á Íslandi orðnir 11 eða ríflega 13% klúbbanna sem er fádæma góður árangur, jafnvel heimsmet.

Nokkuð margir klúbbar á Íslandi eru komnir vel á veg með að verða Model klúbbar. Sumir þeirra hafa jafnvel lagt allt að 400 dollurum fyrir hvern féлага til átaksins án þess að gera sér fyllilega grein fyrir því.

LCIF teymið á Íslandi hvetur klúbba til að hafa samband og kanna sína stöðu. Það er enn nægur tími því Model klúbbar þurfa ekki að ljúka sínum „skuldbindingum“ fyrir en í júní 2023.

Nýju Model klúbbunum, Lkl. Úu Mosfellsbæ, Lkl. Hafnarfjarðar, Lkl. Víðarr Reykjavík, Lkl. Hólmavíkur og Lkl. Ylfu Akureyri óskum við við hamingju með ákvörðunina og þökkum þeim fræbæran stuðning við Campaign 100 og verkefni LCIF:



*Fyrirverandi alþjóðastjórnarfulltrúi,  
Kristinn Hannesson, LCIF stjóri*

## Lionsklúbbar Ólafsvíkur

Lionsklúbbar Ólafsvíkur stóð í veggheinsun L sem fjáröflun sem hófst í lok apríl og lauk um hvítasunnuhelgina. Þá voru gengnir 63 km. meðfram Þjóðvegum í Snæfellsbæ. Þá er týnt allt það rusl sem finnst meðfram Þjóðvegnum og því komið í förgun. Veður til tínslu var afburða gott, sólin skein og flottur hiti. Að loknum síðasta deginum, var grillað og haldið einskonar uppskeruvöld, en var þetta jafnframt síðasti fundur á þessu starfsári.

*Sigurður Ingi Guðmarsson  
ritari Lkl. Ólafsvíkur*



## Minning + Ásgeir Eyjólfsson



Ásgeir Eyjólfsson pípulagningameistari gekk í Lionsklúbbinn Fjölni árið 1990. Hann var tvisvar gjaldkeri í stjórn klúbbsins og vann ötullega í ýmsum nefndum klúbbsins. Má þar einkum nefna skógræktar- og umhverfisnefnd og Krýsuvíkurnefnd. Verður hans einkum minnst fyrir stórværkefni í Krýsuvík sem var unnið undir hans stjórn. Í stað þess að hita vistheimilið með olú sem kostaði um 4 milljónir á ári fékk klúbburinn leyfi til að nýta heitt vatn úr borholu, sem

var í 1200 metra fjarlægð frá húsínu. Unnu félagar undir stjórn Ásgeirs við að setja saman og leggja leiðslur frá holunni að vistheimilinu. Þá var öflun neysluvatns í ólagi þar sem dæla í kaldavatnsborholu var ónýtt. Útvegaði Ásgeir nýja dælu og setti í borholuna. Fyrir störf sín var Ásgeir sæmdur Melvin Jones viðurkenningu árið 2007.

Ásgeir andaðist 21. apríl síðast liðinn og sendum við félagarnir Sigrúnu og börnum þeirra okkar innilegustu samúðarkveðjur.

*F.h. Lionsklúbbsins Fjölnis  
Jón H. Magússon*



## Lionsklúbburinn Eik

Jólafundur 15. desember 2020 var haldinn með Zoom fjartækni vegna samkomutakmarkana og var mæting góð. Þar kom fram, að klúbburinn styrkti að venju Styrktarsjóð Garðasóknar. Einnig var tekið þátt í gleraugnasöfnun og við söfnuðum birkifræjum. Sótt hefur verið um styrk til stígagerðar og lagfæringa á útivistarsvæðum í Smalaholti. Félagar þökkðu fyrir fallegar gjafir í tilefni 35 ára afmælis Eikar.

Langþráður fundur var haldinn 16. febrúar. Fundurinn var haldinn í Golfskála GKG. Í upphafi fundar minntumst við látins félaga Kristínar Guðmundsdóttur sem lést í desember sl. Dagskrá fundarins var hefðbundin og megin markmiðið að eiga notalega samverustund. Reikningar lagðir fram til samþykktar og við ákváðum að greiða í LCIF sjóðinn. Við nutum þess að eiga kvöldið saman í sönnum lionsanda.

Varastjórn sá um fundinn 16. mars, sem var haldinn í Golfskálanum. Fundurinn hófst að venju kl. 18.30. Svandís Rafnsdóttir sem fór í ungmennaskipti á okkar vegum til Japans árið 2019 kom og sagði ferðasögu sína í máli og myndum. Frábær frásögn og flottur fulltrúi okkar. Og að auki var Sigfríð Andradóttir gestur okkar.

Á fundinum 20. apríl var Laufey Jóhannsdóttir með kynningu á MedicAlert verkefni, sem Lionshreyfingin heldur utan um hér á landi, en merkin eru seld á Lionsskrifstofunni. Samþykkt var tillaga stjórnar að tímamóttagjafir til félaganna verði eftirleiðis framlag í Íslenska hjálparsjóðinn.

Vímuvannahlaup á vegum Lionsklúbbsins Eikar fór fram 5. maí. Þetta er í 31. sinn sem hlaupið fer fram. Við heimsóttum nemendur í 5 bekk Sjólandsskóla, en þau eru 39 þetta árið. Við fengum frábæran fyrirlesara til þess að fræða börnin um forvarnargildi íþróttar, að forðast vímuefni og gildi þess að stunda tómstundir og íþróttir. Andrea Sif sem keppir í fimleikum í meistaraflokki Stjörunnar flutti mjög góða fræðslu fyrir krakkana og veðrið lék við okkur, við sátum úti á tröppum og hlustuðum á Andreu Sif. Þessu næst fór um við á skólalóðina og keppt var í boðhlaupi milli hópa og það var mikið stuð og klappað og liðin hvött áfram. Allir fengu svo viðurkenningskjal fyrir þátttökuna. Alveg einstakt verkefni sem gaman er að taka þátt í.

Í maímánuði er unnið að umhverfisverkefni okkar í Smalaholti. Klúbburinn fékk Evrópu-styrk frá Lions ELVS til umhverfisbætandi verkefnis. Hugmyndin er að gera svæðið aðgengilegra, svo allir geti notið útivistar. Við fengum aðstoð við grísjun og að fella tré,



Hluti þátttakenda á jólafundum, sem fór fram á netinu



Eikarkonur á fundi 16. febrúar



Frá fundinum 16. mars



Laufey Jóhannsdóttir kynnti Medic Alert verkefni á fundinum 20. apríl



Hjördís formaður og Laufey



Umhverfisverkefni í Smalaholti







Lokafundur og stjórnarskipti 18. maí í Lionsheimilinu að Hlíðarsmára 14, Kópavogi



Hjördís formaður með níjum Melvin Jones félagum þeim Ásu Hildi og Eyrínu.

leigðum stórtækan kurlara og kurlað var í marga risasekki. Við nutum aðstoðar garðyrkjumannanna og svo var það vaskur hópur Eikarféлага sem dreifði kurlinu og núna er allt kurlað komið í stíga. Næsta verk er svo að koma upp þrepum og gera svæðið aðgengilegra. Það var mikil gleði og kraftur í félagunum að vinna þetta frábæra umhverfisverkefni.

Þriðjudaginn 18. maí var lokafundur Eikar, í Lionsheimilinu að Hlíðarsmára 14, Kópavogi. Tveir félagar fengu Melvin Jones viðurkenningu, þær Ása Hildur Baldvinsdóttir og Eyrún Jóhannsdóttir en þær hafa verið 20 ár í

klúbbnum. Einnig fóru fram stjórnarskipti. Formaður þakkaði starfið á þessu sérkennilega starfsári, en reynt var að gera eins vel og hægt var og taka þátt í verkefnum eins og kostur var. Það var mikil gleði og kátína ríkjandi í hópnum og við nutum samverunnar í botn.

Byggt á Facebook skrifum Laufeyjar Jóhannsdóttur og Hjördísar Sigurðardóttur

Sigurveig Sveinsdóttir  
Ljósmyndir: Laufey Jóhannsdóttir



## Minning † Björg Lára Jónsdóttir – f. 13.03.1935 – d. 29.04.2021



Hlutverk lionsklúbba er að leggja lið og láta gott af sér leiða fyrir einstaklinga og samfélagið. Í þeim félagsskap sem þessir klúbbar mynda verður til dýrmæt vinátta. Slíkur félagsskapur er þó ekkert án góðra féлага og Björg Lára Jónsdóttir var einn af þeim.

Björg Lára var stofnfélagi í Lionsklúbbnum Rán Ólafsvík og tók virkan þátt í starfi klúbbsins. Á sínum starfsferli gegndi hún mörgum embættum í klúbbnum og sat í fjölda nefnda. Öllum sínum störfum sinnti

hún af dugnaði og ósérhlifni, sönn lionskona. Björg Lára var útnefndur Melvin Jones félagi af klúbbnum og var vel að þeirri ædstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar komin.

Við Ránarkonur vorum stoltar af því að hafa svona glæsilega konu í klúbbnum okkar. Björg Lára var gleðigjafi og hafði dásamlega nærveru. Hún var samviskusöm, ljúf og einlæg í framkomu. Gott var að leita til hennar varðandi ýmis mál, miðlaði hún af reynslu sinni og visku til okkar hinna.

Að leiðarlokom kveðjum við Ránarkonur kæra vinkonu með sorg í hjarta. Þökkum fyrir allar samverustundirnar, öll störf Bjargar Láru í þágu Lionsklúbbsins Ránar og verkefna hans. Við hefðum gjarnan viljað njóta krafta hennar og vinátta lengur.

Hver minning dýrmæt perla  
að liðnum lífsins degi,  
hin ljúfu og góðu kynni  
af alhug þakka hér.  
Þinn kærleikur í verki  
var gjöf, sem gleymist eigi,  
og gæfa var það öllum,  
er fengu að kynnast þér.  
(Ingibjörg Sigurðardóttir)

Kæri Diddi, við vottum þér og þinni fjölskyldu innilega samúð.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Ránar,  
Bjarney Jörgensen

# „Réttur“ klúbba til styrkja frá alþjóðahjálparsjóðnum (LCIF).



Lions Clubs International  
**FOUNDATION**

Alþjóðahjálparsjóður Lions eða Lions Clubs International Foundation er **okkar stóri hjálparsjóður**. Klúbbar geta sótt um styrki til sjóðsins til ýmissa verkefna. Styrkir sjóðsins er flokkaðir í 9 mismunandi yfirflokk og fyrir hvern flokk þarf að uppfylla ákveðin skilyrði.

Í flestum tilfellum þurfa 2 – 3 klúbbar að standa sameiginlega að verkefninu og umdæmisstjóri eða fjölumdæmisstjóri þurfa að skrifa undir umsóknina.

Einn er sá flokkur sem sker sig dálítið úr.

**District and Club Community Impact grant** eða „endurgreiðslu“ styrkir til klúbba og umdæma.

Ég veit ekki hvort rétt er að kalla þetta endurgreiðslu styrki. Þetta virkar þannig að umdæmi og klúbbar eiga rétt á að fá 15% af því sem þeir hafa lagt til LICF innan eins árs til verkefna í heimabyggð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Framlög sem klúbbar, einstaklingar eða umdæmi hafa eyrnamerkt til sérstakra verkefna teljast ekki með í þessum mögulegu endurgreiðslum.

## Klúbbar

Klúbbar sem leggur 5.000 dollara eða meira til LCIF innan eins starfsárs getur fengið 15% af þeirri upphæð sem lögð er fram.

Klúbbar sem geta safnað þessu upp milli ára og þannig gengið til baka stærri upphæð.

Klúbbar eiga rétt á þessu í 15 ár frá því að framlagið barst LCIF.

Klúbbar sem leggja minna en 5.000 dollara til átaksins geta ekki safnað þeim framlögum milli ára til að öðlast þennan rétt.

Klúbbar geta notað þennan styrk til nánast hvaða verkefna sem er, þó aldrei til að greiða stjórnunarkostnað við verkefni.

**Dæmi** (raunverulegar tölur frá íslenskum Lionsklúbbum)

Starfsár	Framlag klúbbs	„Réttur“ til endurgreiðslu frá LCIF
2017 – 2018	\$ 7.183	\$ 1.077
2018 – 2019	\$ 14.652	\$ 2.198
2019 – 2020	\$ 11.306	\$ 1.696
2020 – 2021	\$ 15.042	\$ 2.256
<b>Samtals:</b>	<b>\$ 48.183</b>	<b>\$ 7.227</b>

## Umdæmi

Lágmarksupphæð til þess að að umdæmi geti fengið 15% endurgreiðslu er 10.000 dollara framlag.

Til þess eru 2 leiðir.

1. Framlag að lágmarki 10.000 dollara hafi komið í nafni umdæmisins.
2. Samanlögð framlög klúbba sem ekki hafa náð 5.000 dollara lágmarki.

Ef við segjum til dæmis að 10 klúbbar hafi lagt fram 1.000 dollara hver þá geta klúbbarnir ekki notað til þess að fá 15% styrk.

Umdæmið getur hins vegar lagt þessi framtöl saman og þá fengið 15% styrk af þeirri upphæð.

Þetta er þó háð samþykki viðkomandi klúbba.

Framlagið telst þó áfram vera framlag klúbbsins.

Formenn klúbba sem hafa öðlast þennan „rétt“ fá að öllu jöfnu sendar upplýsingar um stöðu síns klúbbs í upphafi starfsárs. Umsæmisstjórar fá einnig sendar upplýsingar um möguleika á umdæmisins á þessum styrkjum. Þær upplýsingar koma frá skrifstofu LCIF.

LCIF teymið á Íslandi getur gefið nánari upplýsingar um þessa og aðra mögulega styrki frá LCIF. Teymið getur einnig gefið upplýsingar um stöðu hver klúbbs ef eftir því er leitað.

*Fyrirverandi alþjóðastjórnarfulltrúi,  
Kristinn Hannesson, LCIF stjóri.*

## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort>  
**EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.**



# Lions Quest hjálpar börnum að takast á við heimsfaraldur

Eftir Jamie Weber

**C**COVID-19. Nefndu vírusinn og hugsanir um að berjast gegn líkamlegum veikindum koma upp í hugann. Samt er önnur hlið á heimsfaraldrinum sem tekur annan toll - andlega líðan ungs fólks. Bernskan getur verið krefjandi undir venjulegum kringumstæðum og í dag valda hugsanir um sóttkví, hugsanir um alvarlegan sjúkdóm og missir ástvina unglिंगum aukið álag, erðarleysi og ótta.


Ung börn gætu hafa upplifað veikindi innan fjölskyldunnar, jafnvel alvarleg, en heimsfaraldur er ný ógn sem þessi kynslóð hefur aldrei séð. Í dag þurfa börn stuðning með annarskonar nálgun. Þar kemur Lions Quest verkefni alþjóðahjálpar-sjóðsins (LCIF) sterkt inn.

## Byggir upp tengsl sem vekur von.

Lions Quest á rætur sínar að rekja til félagslegs og tilfinningalegs náms. Það er viðurkennt námsefni þar sem börn beita á áhrifaríkan hátt þekkingu, viðhorfi og færni sem nauðsynleg er til að lifa hamingjusömu og heilbrigðu lífi. Nemendur læra að skilja og stjórna tilfinningum, setja sér og ná markmiðum, skynja og sýna samúð með öðrum, koma á jákvæðum samböndum og taka ábyrgar ákvarðanir.

Kennsluefnið getur hjálpað börnum að finna fyrir öruggi og von þrátt fyrir slæmar tilfinningar sem fylgja heimsfaraldrinum. Færni sem þróuð er með Lions Quest kennsluefninu og æfingum hjálpar einnig börnum að stjórna tilfinningum sem geta stafað af breyttum venjum, félagslegri einangrun og fræðslu um vini og vandamenn sem hafa orðir fyrir áhrifum Covid-19.

Lionsfélagar í Norður- og Mið-Argentínu, þar sem Lions Quest var notað í skólum, vildu takast á við nýjar aðstæður sem nemendur stóðu frammi fyrir vegna COVID-19 og sköpuðu því aðstæður til þess að hægt væri að halda áfram að kenna Lions Quest þrátt fyrir að skólum væri lokað. Þeir unnu með Lions Quest kennurum að því að undurbúa kennslustundir fyrir nám á netinu og stofnuðu samfélagsmiðlahópa fyrir kennara og nemendur til að auðvelda samskiptin. Fyrir nemendur sem ekki höfðu aðgang að interneti prentuðu þeir og afhentu Lions Quest efni. Í



fjölmörgum tilfellum keyptu jafnvel tölvur og internetaðgang fyrir þessar fjölskyldur og tryggðu þannig að börnin hefðu enn aðgang kennslunni.

## Kostir þess að læra að heiman

Heimsfaraldurinn hefur valdið nýjum streituvöldum sem auðveldlega gætu leitt börn til slæmrar hegðunar og hættulegra ákvarðana. Lions Quest er besta leiðin til að leiðbeina þeim í gegnum vandamálið og leiða þau á rétta braut. „Lions Quest hjálpaði okkur að veita nemendum verkfæri og úrræði sem þarf til að sýna samúð, forðast fíkniefni og meta sig sem fólk,“ segir Guadalupe Ferreyra, grunnskólakennari við skóla í Salta Norte. „Ofbeldi hefur

minkað í skólanum frá því að Lions Quest kennslan hófst árið 2017; það er ákaflega árangursríkt.“

Tengsl fjölskyldunnar við Lions Quest efnið reynast sérlega vel á þessum tíma. Vinnublöðin eru mikilvægt tæki sem ætlað er að hjálpa nemendum að æfa færni fyrir hverja kennslustund með öðrum úr fjölskyldunni. Nemendur læra að bera kennsl á tilfinningar og koma skýrt á framfæri hugsunum sínum um tilteknar aðstæður. Þeir ljúka verkefnablöðunum með öðrum úr fjölskyldunni svo þeir geti tengt kennslustund sína við raunverulegar aðstæður sem eiga sér stað heima. „Á þessum tímum heimsfaraldurs er mjög mikilvægt að ná til nemenda í gegnum vinnublöð fjölskyldutengingar,“ segir Yael Palavecino kennari sem aðstoðar grunnskólanemendur sína í Buenos Aires um þær nýju aðstæður sem heimsfaraldurinn hefur valdið.

„Í gegnum nettengingar hefur okkur tekist að komast inn í heimili nemendanna og eiga samskipti við fjölskyldur allra nemenda okkar. Þetta hefur okkur aldrei tekist áður,“ segir Lion Richard Lanza, prófessor í Cordoba, sem þjálfar kennara til að innleiða Lions Quest. „Með samkennd og þróun félagslegrar færni hefur Lions Quest gefið okkur tækifæri til að takast á við þessar mjög ólíku og flóknu aðstæður.“

Þar sem fjölskyldur eyða hverri stund saman í einangrun heima læra börnin að takast á við streitu á heilbrigðan hátt. „Með Lions Quest lærðum við færni til að bæta sambönd okkar og sambúð við aðra,“ segir Camila, nemandi í 6. bekk. Bekkjarbróðir hennar Magali tekur undir það. „Lions Quest kenndi mér að bera virðingu fyrir öðrum, skilja og hlusta.“

Þó að þessi saga gerist í Argentínu verða börn um allan heim fyrir áhrifum af COVID-19. Aðstæðurnar eru verið erfiðar en Lions Quest er að hjálpa börnum að aðlagast og styrkjast tilfinningalega.

*Meiri upplýsingar um Lions Quest er að finna á heimasíðunni lions-quest.org.*

# Úr starfi Skjaldbreiður starfsárið 2020-2021

Um leið og við Lionsfélagar í Skjaldbreiður kveðjum starfsárið 2020-2021 þá óskum við öllum gleðilegs sumars og farsældar.

Starfið hjá okkur hófst á haustdögum í höftum og takmörkunum út af þið vitið, ef allt er í eðlilegu farvatni þá er fundað tvisvar í mánuði, en við skipum þessu þannig að við höldum formlegann fund og förum svo í heimsóknir. Þetta fyrirkomulag er að okkur finnst mjög gott og gerir vetrarstarfið skemmtilegra og áhugasamara, hitta mann og annan. Á þessu varð sem sagt breyting, í stað þess að hittast var farin sú leið að halda rafræna fundi, og virða fjarlægðarmörk það er menn hittust nokkrir saman og síðan voru fundir í netheimum, og náðum við að halda níu svona fundi og förum í tvær heimsóknir. Við þökkum Vertanum og starfsfólkinu á Minni Borgum kærlega fyrir aðstöðuna sem við fengum hjá þeim. Tveir nýjrir félagar bættust í hópinn á þessu starfsári.

Fjárafilanir gengu bara nokkuð vel þrátt fyrir ástandið, en helsti bakhjarl okkar er sveitarfélagið okkar Grím og Grafningshreppur, en við höfum sinnt þar ýmsum hreinsunarverkefnum og viðhaldi, og kunnum við hinar best þakkir fyrir.

Helstu stuðningsverkefni okkar er það sem má kalla nærsamfélagið. Og má þar telja Leikfélag Sólheima, Leikfélagið á Borg, Hjálparseitin Tintron og einnig styrktum við skólann hér á Borg til kaupa á tölvubúnaði sem nýtist við kennslu á notkun við þrívíddar vinnslu og prentun, en samtals námu þessir styrkir 1,450,000. kr.,

Ekkert varð af blóðsykurmælingum í ár, en kannski náum við að taka upp þráðinn á haust dögum.

Fjáröflunarverkefnið okkar skötuveisla á Þorláksmessu verður að bíða betri tíma svo og kótilettu kvöldið okkar en báðar þessar upptakur eru feiki vinsælar og fullt út úr dyrum og komast færri að en vilja.

*Kristinn Pálsson. Ritari*



*Hér er svo nýja stjórnin, Sirrý fyrir hönd eiginmanns síns Páls Tryggoasonar, Halli Palli, Sölvi, og Sigurjón.*



*Hér má svo sjá féлага frá Tintron, Leikfélagsins á Borg, og Leikfélags Sólheima.*



*Hér er fráfarandi stjórn, Þorvaldur, Sigurjón, Kristinn og Björn Anton.*



*Hér er svo mynd af samkomunni, en við höfum notið góðs af gestreisni á Grænu Kömunnni á Sólheimum en kokkurinn og hams frábæra fólk sá um að allir fengu nóg að borða og drekka, takk fyrir það*

**hleðslustöðvar.is**  
 Með gæðin og öryggið í fyrirrúmi  
 Hleðslustöðvar í nánast öllum stærðum og  
 gerðum fyrir rafmagns og tengiltvinnbíla  
<https://hleðslustodvar.is>





# Lionsklúbburinn Eik

## Forvarnarverkefni



5. maí fór fram vímuvarnahlaup á vegum Lionsklúbbsins Eikar. Þetta er í 31 sinn sem hlaupið fer fram en verkefnið miðast við 5. bekk í grunnskóla. Oftast nær eru það allir grunnskólarnir sem eru með en í ár líkt og síðastliðið ár eru það sóttvarnareglur sem leyfa ekki fjölmennar samkomur.

Við heimsóttum nemendur í 5 bekk í Sjálandsskóla í dag. Við fengum frábæran fyrirlesara til þess að fræða börnin um forvarnargildi íþróttar og þess að forðast vímuefni og gildi þess að stunda tómstundir og íþróttir. Hún Andrea Sif Pétursdóttir sem keppir í fimleikum í meistaraflokki Stjörnunnar flutti frábæra fræðslu fyrir krakkana. Veðrið lék við okkur, við sátum úti á tröppum og hlustuðum á Andreu Sif ræða gildi íþróttar og tómstundastarfs á unglingsáum. Þessu næst fórum við út á skólalóðina og keppt var í boðhlaupi á milli hópa, en hópnum var skipt í fjóra hópa, gulur, rauður grænn og blár. Það var mikið stuð og klappað og liðin hvött áfram.

Það var svo bláaliðið sem var sigursælast og fengu þau farandbikarinn til varðveislu í eitt ár.

Allir fengu svo viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Alveg einstakt verkefni sem gaman er að taka þátt í.





# Júní – myndasíða





# Minningarorð †

Á um það bil þriggja ára tímabili höfum við í Lionsklúbbi Akureyrar þurft að horfa á eftir þremur félögum okkar yfir móðuna miklu. Allir höfðu þeir um skeið þurft að takast á við alvarleg veikindi sem gekk nærri starfsþreki þeirra. Sú barátta var á stundum hörð en henni mættu þeir af virðingarverðu æðruleysi. Þeir reyndu eftir mætti að sækja fundi á milli sjúkrahússdvala og lækni meðferða en enginn fær flúið örlög sín og að lokum var tímaglas þeirra tæmt. Óneitanlega

er nú skarð fyrir skildi þar sem áður stóðu traustir félagar. Það skarð verður vandfyllt m.a. vegna þess að ekki hefur okkur tekist sem skyldi að lokka til okkar nýja féлага til samstarfs. Vonandi rætist þó úr í þeim efnum fyrr en síðar.



**Eyþór Karlsson** var fæddur á Akureyri 29. sept. 1950 og lést þar 13. apríl 2018. Foreldrar hans voru frá Suðurey í Færeyjum. Sem strákur dvaldist hann þar oft sumarpart hjá skyldfólki og átt þangað sterkar taugar alla tíð. Hann gekk til liðs við Lkl. Akureyrar í okt. 1998 ásamt bróður sínum Reyni. Eiginkona Eyþórs er Ragnheiður Antonsdóttir og lifir hún mann sinn. Börn þeirra eru þrjú.

Um 16 ára aldur hóf Eyþór sjómennsku en hann starfaði í áratugi á togurum ÚA, lengst af sem kokkur. Í land kominn vann hann á Hótel Akureyri og í Endurvinnslunni. Sem annars staðar reyndist Eyþór klúbbum okkar góður liðsmaður og gekk þar til starfa af áhuga og dugnaði. Hann var glaðsinna og glettinn, heiðarlegur og nákvæmur í öllu sem hann tók sér fyrir hendur. Allt góðir eiginleikar sem koma sér vel í félagsstörfum.



**Jakob Jóhannes Árnason** var fæddur á Akureyri 4. maí 1949 og lést þar 28. júní 2019. Hann gerðist félagi í Lkl. Akureyrar í des. 2000. Ekkja Jakobs er Jóna Jónasdóttir og eiga þau tvö börn.

störfum fyrir aldur fram vegna heilsuþrests. Jakob var áhugasamur um allt sem snerti starfsemi klúbbsins og Lionshreyfingarinnar. Þegar málefni klúbbsins voru til umræðu á fundum sleppti hann sjaldnast tækifæri til að leggja orð í belg og lét oft orð falla sem vöktu fjörugar umræður. Þótt ýmislegt yrði Jakobi mótdrægt síðustu árin var hann ávallt samur við sig og lét hvergi bugast.

Eins og Eyþór fór hann snemma til sjós eða aðeins 15 ára. Togarar ÚA voru hans starfsvettvangur. Eftir að hann kom í land vann hann áfram hjá Útgerðarfélaginu og á fleiri stöðum þar til hann varð að hætta



**Héðinn Jónasson** var fæddur að Rifkelsstöðum í Eyjafjarðarsveit 20. júlí 1947 þar sem hann ólst upp fram yfir unglingsár. Hann lést á Akureyri 8. júlí 2020. Héðinn gekk í Lkl. Akureyrar í nóv. 1986. Eftirlifandi eiginkona hans er Jóhanna Gunnarsdóttir, sjúkralíði, og eiga þau tvær dætur.

fluttist svo til Akureyrar og lærði til málara og varð meistari í þeirri grein og rak eigið fyrirtæki og með öðrum um langt skeið. Hann þótti góður og nákvæmur fagmaður og traustur í viðskiptum.

Héðinn vandist snemma við almenn sveitastörf á stóru heimili þar sem oft var mikið umleikis. Hann

Héðinn reyndist ötull liðsmaður í klúbbi sínum og lét sig málefni hans mikils varða. Hann var tillögugóður og rökfastur og aldrei þurftum við félagar hans að efast um skoðanir hans þegar svo bar undir.

Allir þessir horfna félagar hafa setið í stjórn klúbbsins og allir gegnt á ferli sínum fleiri en einni stjórnarstöðu og sumir sömu stöðunni oftar en einu sinni. Auk þess var Eyþór nokkrum sinnum stallari og bæði Jakob og Héðinn höfðu verið svæðisstjórar á svæði 6 í B undæminu. Þeim var það og sammerkt að vera mjög annað um hæg klúbbsins og voru ávallt reiðubúnir til hvaða verks sem var á hans vegum. Allir nutu þeirrar sæmdar að vera Melvin Jones félagar.

Ég vil fyrir hönd Lkl. Akureyrar votta þeim Eyþóri, Jakobi og Héðni virðingu og þakkir fyrir samfylgdina og óeigingjörn störf í þágu klúbbsins. Sömuleiðis sendum við fjölskyldum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Bjarni Kristjánsson

# Lionsþing á Akureyri

Lionsþingið var haldið á Akureyri dagana 14. og 15. maí. Þingið var að þessu sinni svokallað „hybrid“ þing, þ.e. framsögumenn voru á þingstað en aðrir þátttakendur tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað. Þingið tókst með mestu ágætum og skipulagning góð. Embættismenn voru kjörnir, veittar viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar á Íslandi. Meðal ákvarðana sem voru teknar á þinginu var að Rauðu fjaðrar söfnun verður 1.-3. apríl 2022 og samþykkti þingheimur að fara í samstarf við Blindrahvínafélagið um að safna fyrir kaupum á blindrahundum. Hér að neðan eru myndir frá þinginu sem Jón Pálmason tók og kann ég honum bestur þakkir fyrir.

*Porkell Cýrusson ritstjóri*









# Yfirlit yfir starfsárið 2020-2021 hjá Lionsklúbbnum Fold

Kæru Lionsfélagar við Foldarkonur hófum starfsárið með fundi í Lionsheimilinu í byrjun september og vonuðum eins og örugglega flest ykkar að þetta starfsár yrði nokkurn vegin eðlilegt og við gætum sinnt störfum okkar eins og vanalega en það fór nú á annan veg. Við reyndum þó að gera eins vel og hægt var og taka þátt í þeim verkefnum sem voru í gangi. Við hittumst í Elliðaárdalnum á haustdögum og tíndum birkifráe, tókum þátt í gleraugnasöfnun með því að setja upp söfnunarkassa í Bónus og tókum svo að okkur að pakka slatta af gleraugum til flutnings á framandi slóðir. Þar sem ekki var hægt að hafa blóðsykurmælingar þá póstuðum við bláum borðum á facebook og örkuðum til vitundarvakningar um sykursýkisvandann eins og margir aðrir Lionsfélagar. Við gengum saman um Guðmundarlund í Kópavogi og Laugardalinn í Reykjavík á milli þess sem við höfðum Zoom fundi sem tókust ágætlega en ekki gátu allar Foldarkonur komist í takt við þá, þannig að auðvitað vorum við glaðar þegar hægt var að hafa sameiginlega fundi sem voru sem betur fer nokkrir í vetur. Við fengum til okkar tvo fyrirlesara í vetur þau Thelmu Ásdísardóttur sem sagði okkur frá Dreklaslóð

sem er fræðslu og þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis og aðstandendur þeirra og síðar Jón Snædal öldrunarlæknir til að fræða okkur um Alzheimers sjúkdómin og heilabilun báðir þessir fyrirlestrar voru mjög áhugaverðir. Einnig tókst Sigurði Steingrímssyni öðrum vara-umdæmisstjóra að heimsækja okkur í eigin persónu sem var ánægjulegt.

Lionsklúbburinn Fold endaði síðan starfsárið með skemmtilegum fundi þar sem við tókum inn nýjan féлага og þrjár konur fengu Melvin Jones viðurkenningu en þær hafa allar verið 20 ár í klúbbnum og svo skemmtilega vill til að Arndís Jónsdóttir stofnfélagi í Fold var meðmælandi þeirra allra á sínum tíma. Einnig fóru fram stjórnarskipti. Foldarkonur eru glaðar og ánægðar eftir sérkennilegt starfsár og stefnum á að ljúka vetrinum í skemmtisiglingu um Faxaflóann með vinum okkar í Lionsklúbbnum Fjörgyn.

*Með Lionskveðju Foldarkonur*





# Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Bekkirnir góðu ásamt Lions félögum og starfsmanni Skógræktar, Steinari Björgvínssyni. Mynd: Kristinn



Lísa Charlotte Harðardóttir og Sigurður Sigurjónsson með Gaflarann Mynd: Kristinn



Þórir Sigurhansson og tíkin Tina, Yngvar Viktorsson stendur hjá. Mynd: Ellert



Styrkur afhentur. Gísli Johnsen form. Þórir Sigurhansson þjálfari. Magnús Ingjaldsson form. verkefnanefndar og Haraldur Benediktsson formaður LkH. Mynd: Ellert

Óvanalegur vetur er að kveðja og vorið að taka við með sínum árlegu vorverkum, birtu og óskum um gott sumar. Vonandi getum við farið að sinna félagsstarfinu og þessu daglega amstri sem allra fyrst án takmarkanna. Við erum áreiðanlega öll sammála um að kominn sé tími á að svo verði. Þrátt fyrir Covid hefur starfið innan klúbbsins gengið býsna vel, þótt fella hafi þurft niður allmarga fundi, höfum við haldið áfram með innra starfið og þessa hefðbundnu vinnu við fjáraflanir og veitt styrki til einstaklinga og félaga eins og hefð er fyrir á liðnum árum.

Frá áramótum hafa allmargir fengið góða styrki, þar má nefna m.a. Boccía deild Fjarðar, Rjóðrið, Drafnarhúsið (Alzheimerdeild) MS Samtökin, Íþróttafélagið Fjörður, Ljósið og Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna. Í tengslum við European Lions Virtual Symposium sem er fyrsta rafræna Evrópu þingið var ákveðið að efna til umhverfisátaks í Evrópu og hvetja Lionsklúbba til að sameinast í verkefnum og fjöllumdæmin hvött til að leggja fram fé í sjóð til að geta styrkt klúbba. Á sama tíma og þetta var auglýst hafði klúbburinn ákveðið að kaupa tvo áningabekki, svo upplagt var að sækja um styrk til kaupa á þeim, sem við

fengum og var styrkur veittur að upphæð 450 evrum.

Í byrjun maí fórum við félagarnir í heimsókn til Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og færðum þeim, þessa tvo áningabekki að gjöf, flotta bekki sem settir verða niður við Hvaleyravatn, annar í „Rósagarðinum“ en hinn við vesturenda vatnsins. Áður höfum við gefið þrjá bekki sem settir voru við gönguleið umhverfis vatnið og er því bekkirnir ákjósanlegur áningarstaður til að hvílast og njóta stundar eftir skemmtilegan göngutúr.

Bekkirnir góðu ásamt Lions félögum og starfsmanni Skógræktar, Steinari Björgvínssyni. Mynd: Kristinn

Seinna þennan sama dag lá leið okkar til þeirra félaga í Björgunarsveit Hafnarfjarðar, eins og áður komum við færandi hendi og færðum sveitinni myndarlega fjárhæð að gjöf. LkH. hefur um margra ára skeið stutt Björgunarsveitina fjárhagslega og hefur á seinni árum einbeitt sér í að styrkja þjálfun leitarhunda sveitarinnar, en hún er eina sveit landsins sem hefur leitarhunda í sinni þjónustu. Við lukum þessari skemmtilegu heimsókn með að heiðra leikarann góðkunna, Sigurð Sigurjónsson með því að sæma hann „Gaflara ársins 2021“ og

afhenda honum um leið Gaflarastyttu. Sigurður er fæddur á Hamarsbrautinni á Vesturhamrinum hér í bæ og er því hreinræktaður Gaflari. Um feril Sigurðar sem leikara þarf vart að fjölyrða, enda allt of langt mál og alþjóð þekkir hina fjölmörgu karaktera sem hann hefur skapað sem þjóðin dái. Sigurður steig sín fyrstu skref á sviði á skemmtunum hjá Hraunbúum, hann var mikill og einlægur skáti, fyrst með Hraunbúum og seinna með Björgunarsveit Hafnarfjarðar, því fannst okkur félögum tilvalið að heiðra þennan ágæta listamann í húsakynnum sveitarinnar. Sigurður er giftur Lísu Charlotte Harðardóttur og eiga þau þrjú börn, Dröfn, Sigurjón og Birnu, barnabörnin eru sjö. Sigurður er listamaður af guðs náð og sannur Gaflari, sem Hafnfirðingar, erum við stoltir af og þjóðin öll, Við þökkum honum fyrir margar skemmtilegar og góðar stundir og óskum þeim hjónum alls hins besta á komandi árum.

Gleðilegt sumar ágætu Lions menn og konur.

Friðgeir H. Guðmundsson  
Bláðafulltrúi



# Lionsklúbburinn Muninn 50 ára



Friðrik Haraldsson fyrrverandi skátahöfðingi, stofnandi Ömmubaksturs og stofnandi Lkl. Munins



Frá hægri Friðrik Haraldsson, fyrsti formaður klúbbsins, og Steina Finnsdóttir kona hans, Hulda Alexandersdóttir kona Ingimars Sigurðssonar, en hann var þriðji formaður klúbbsins.



Moldarsala í bílförnum var meðal fyrstu fjáraflana.



Ekki má gleyma perusölnunni, en á myndinni eru frá vinstri, Stefán Trjámann Tryggvason, Guðmundur Breiðfjörð, Birgir Ásgeirsson og Tómas Guðmundsson.



Guðmundur Helgason málarameistari í stiganum, en hann átti hugmyndina og var helsti hvatamaður að málun Sunnuhlíðar, sem klúbburinn stóð fyrir, allt þar til ríkið tók við og gaf klúbburinn vinnuna, en Málning hf gaf málninguna.



Þau heidurshjón Friðrik og Steina tóku á móti klúbbfélögum og mökum í vorferð klúbbsins.



Lionsklúbburinn Muninn var 50 ára þann 29. apríl árið 2021 og verður hér greint frá sögu hans í stuttu máli.

Friðriki Haraldssyni, bakarameistara og þáverandi skátahöfðingja, var falið af Birni Guðmundssyni, klúbbfélaga sínum í Lionsklúbbi Kópavogs þáverandi umdæmisstjóra Lionshreyfingarinnar á Íslandi að stofna nýjan lionsklúbb. Ástæða þessa var að ekki var hægt að taka fleiri félaga inn í Lkl. Kópavogs. Friðrik hóaði saman fimm félögum sínum, sem allir voru skátar og Lionsklúbburinn Muninn var stofnaður 29. apríl 1971. Stofnfélagar voru 24 og í fyrstu stjórn voru:

Friðrik Haraldsson, formaður,  
Ásgeir Jóhannesson, ritari og  
Ásgeir Bjarnason, gjaldkeri.

Eins og gefur að skilja var lögð áhersla á að styðja við skátastarfið og var það vissulega gert.

Fundir voru haldnir fyrstu árin í Félagsheimili Kópavogs en síðan í veitingahúsum. Þeir voru fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði og hefur það haldist frá upphafi. Árið 1990 keyptu Lionsklúbbarnir Muninn og Ýr sal að Auðbrekku 25-27 og var hann innréttaður að mestu leyti með sjálfboðavinnu klúbbfélaga. Lionsklúbbur Kópavogs varð meðeigandi þrem árum seinna. Fundir og aðrar samkomur á vegum klúbbanna voru haldin þar í 27 ár. Salurinn var leigður veitingamönnum sem sáu síðan um veitingar á öllum fundum, en þeir tóku einnig að sér að sjá um ýmis konar samkomur fyrir aðra. Þeir borguðu leigugjald og stóð að mestu undir afborgunum af salnum. Grundvöllur var ekki lengur fyrir því að leigja salinn út og því var hann seldur árið 2017 og gott verð fékkst fyrir hann. Söluupphæðinni var skipt jafnt á milli klúbbanna.

Árið 2018 keypti klúbburinn ásamt Lkl. Ýr sal að Rjúpnavegnum 1, Kópavogi. Eftir að sá salur var innréttaður hafa fundir verið haldnir þar.

Félagar hafa lengst af verið 25 til 30 en flestir voru þeir 36. Endurnýjun hafur engin verið síðustu árin og nú eru félagar 17 og meðalaldurinn 74,5 ár.

## Verkefni

**Perusala** var stunduð lengi vel. Að loknum fundi í október var perum pakkað í sóluhæft ástand og síðan gengið í hús í Kópavogi og perur boðnar til sölu. Var okkur yfirleitt vel tekið. Grundvöllur fyrir perusölnunni lagðist af fyrir meira en 20 árum.

Moldarsala var stunduð um tíma. Moldinni var ekið í bílförnum á umbeðinn stað og viðskiptavinir greiddu fyrir.

**Jóladagatöl** hafa verið seld í mörg ár í samvinnu við verslanir í Kópavogi og hefur sú sala gefið góðar tekjur með lítilli fyrirhöfn fyrir félagan. Lionsklúbburinn Freyr hefur séð um innkaup jóladagatalanna og dreift þeim til klúbbanna. Samvinna gekk lengi vel misjafnlega en fyrir mörgum árum varð samkomulag um að Freysmenn kæmu dagatölunum í búðirnar og við fengjum hagnaðinn af því sem selt var í Kópavogi.

**Borðaleiga.** Klúbbarnir hafa eignast þó nokkuð af tiltölulega meðfærilegum borðum og leigja þau út.

**Árshátíðir** nokkurra fyrirtækja voru haldnar á níunda áratugnum í íþróttahúsinu Digranesi og stóðu klúbbarnir þrír í Kópavogi að því sameiginlega. Þar komu allt að 1000 manns. Að sjálfsögðu fengum við öll tilskilin leyfi. Þetta gaf góðan pening í aðra hönd.

Árið 1986 og 1993 var fjölumdæmisþing lionshreyfingarinnar á Íslandi haldið í Íþróttahúsinu Digranesi í samvinnu klúbbanna þriggja.

Á síðustu árum höfum við þrisvar haldið **sviðaveislu** og gaf það góða raun.

Í meira en 40 ár höfum við haldið fund síðasta vetrardag með **Kiwanisklúbbnum Eldey**. Eftir því sem við höfum komist næst mun það vera einsdæmi á heimsvísu að klúbbar mismunandi hreyfinga haldi þannig sameiginlegan fund.

## Málefni sem við höfum styrkt:

Meðan **Sunnuhlíð** var í eigu félagasamtaka máluðum við húsnæðið að utan á þriggja til fjögurra ára fresti. Málninguna fengum við endurgjaldslaut hjá Málningu hf. Fyrir nokkrum árum gáfum við Sunnuhlíð sjúkrajálfunartæki sem kostaði 2,3 milljónir króna.





Tvisvar hélt klúbburinn ásamt hinum klúbbunum í Kópavogi fjöllumdæmisþing Lions, 1986 og 1993.



Einnig héldu klúbbarinn þrjár árhátíðir fyrir félög, t.d. SÍS og Eimskip, einnig stórhátíðir fyrir franska hjartaskurðlækna.



Farið var með eldri borgara að hausti til í flestar kirkjur í Reykjavík og nágrenni og kaffiveisla á eftir (ofast í boði Lkl. Ýrar), einnig nýársfagnaður í janúar fyrir eldri borgara í Kópavogi.



Fjórir stofnifélagar: Friðrik Haraldsson, Ingimar Sigurðsson, Helgi Magnússon og Angantýr Vilhjálmsson sæmdir Melvin Jones.



Matthías Frímansson fyrsti umdæmisstjóri Lions og kona hans Hildegard Frímansson á fjöllumdæmisþingi á Akureyri.



Kjaransorðuhafar í Lkl. Muninn; Daníel B. Björnsson heitinn fékk orðuna frá Lions og Gunnar F. Sigurjónsson fékk orðuna frá Lkl. Muninn.



Þegar afhending leikfanganna fór fram í Kópavogshælinu: sitjandi er formaður líknarnefndar, Friðrik Haraldsson. Að baki honum má sjá formann klúbbsins, Helga Magnússon tannlækni, en við hlið Friðriks er Auður Hannesdóttir, proskaþjálfari Kópavogshælis. Ennfremur eru til hægri Ragnhildur Ingibergsdóttir, yfirleknir hælisins og Eyjólfur Melsted.



Allir félagar í Lkl. Muninn á 50 ára afmælinu 29. apríl 2021.

Meðan **Kópavogshæli** var við lýði gáfum við í Gullastokk þess, það er að segja leikföng og annað til dægrastyttingar fyrir vistmenn. Var það gert í samráði við starfsfólk hælisins.

Við höfum styrkt **Íþróttafélagið Ösp** með verðlaunagripum fyrir íþróttaafræk til félaga á hverju ári í mörg ár. Einnig höfum við stutt samtökin **Vímulaus æska**.

**Eldri borgurum** í Kópavogi var boðið í **kirkjuferðir**. Fyrsta ferðin var farin í Dómkirkjuna í Reykjavík og í október 1983 og að messu lokinni bauð Lkl. Muninn til veitinga á Hótel Borg. Kom í ljós að ýmsir gestir gátu rifjað upp ljúfar minningar þaðan frá yngri árum. Síðasta kirkjuferðin var í október 2014. Við höfum heimsótt nánast allar kirkjur á höfðuðborgarsvæðinu. Að kirkjuferð lokinni buðu konur í Lkl. Ýr til kaffidrykkju. Muninsfélagar sóttu gesti og óku þeim heim eftir kaffi, ef þeir óskuðu þess **Teitur Jónasson ehf** lánaði rútur endurgjaldslaust og var þá ekið frá Lionsheimilinu í Auðbrekkur til kirkju og þangað til kaffidrykkju. Einnig fengum við endurgjaldslaust bíla frá **Bílaleigu Sigurðar Haraldssonar**. Þátttaka var yfirleitt mjög góð og allt að 200 manns komu í kaffi þegar flest var. Í mörg ár var eldri borgurum í Kópavogi boðið til **nýársfagnaðar** í samvinnu við hina klúbbana.

Í mörg ár í nóvember höfum við ásamt hinum klúbbunum boðið upp á **sykursýkismælingu**. Hafa allt að 200 manns mætt til mælingar og kom í ljós að sumir þurftu frekari athugunar við.

Klúbburinn hefur farið í **utanlandsferðir**. Sú fyrsta var 1987 og var þá farið til Glasgow ásamt hinum klúbbunum tveim í Kópavogi. Auk þess var farið í vínsmökkunarferð til Þýskalands og í skoðunarferð til Parísar og Búdapest. Tvisvar sinnum var farið til Írlands.

Klúbburinn hefur eignast þrjá **umdæmisstjóra** í 109 A. Fyrstur var **Matthías Frímansson**, 1990-1991; annar var **Elías R. Eliasson**, 1998-1999; þriðji var **Daníel Björnsson** 2002-2003 og hann varð fjöllumdæmisstjóri 2008-2009.

Klúbburinn hefur eignast alls 25 Melvin Jones félagar. Tveir félagar okkar hafa fengið Kjaransorðuna, Daníel G. Björnsson frá fjöllumdæminu og Gunnar Sigurjónsson frá klúbbi sínum.

Lkl. Muninn er eini lionsklúbburinn á landinu sem ekki er með siðameistara heldur **skotta**. Ágætur félagi okkar, Þórarinn Jónsson, sem fórst í flugslysinu við Colombo á Sri Lanka í júlí 1978 þýddi starfsheitið **Tail Twister** á þennan hátt og við höfum haldið því síðan.

## Lionsklúbbur Vestmannaeyja

### Gömul minnisstæð verkefni okkar lionsmanna Aðdragandi og „smíðasagaútsýnispalls“ í Stórhöfða og þróun hans yfir í fuglaskoðunarhús



Undirstöður pallins tilbúnar



Pallurinn farinn að taka á sig góða mynd



Skjöldur með nöfnum styrktaraðila Lions

Það var snemma árs 2002 að Jóhannes Grettisson lionsfélagi kom með tillögu á fund frá Margo Renner hjá Ferðamálaráði Vestmannaeyja, þess efnis að reisa stóran útsýnispall suður í Stórhöfða nánar tiltekið austan í Stórhöfða, til lunda- og náttúruskoðunar fyrir okkur Eyjamenn og gesti. Margo Renner aðstoðaði okkur lionsmenn við undirbúning með umsókn í pokasjóð verslunarinnar og einnig til ferðamálaráðs, þar sem sótt var um styrk til byggingar útsýnispallsins og var beiðninni hafnað af báðum aðilum. Rúmum tveimur árum síðar þ.e. í lok febrúar 2005 hafði fulltrúi Vestmanneyjabæjar samband við okkur í klúbbnum að koma að smíði útsýnispallsins í Stórhöfða sem nú skyldi staðsettur vestan megin í Stórhöfða, sunnan Klaufarinnar. Svæðið þar sem pallurinn átti að rísa heitir Rauf og þar er ein stærsta lundabyggðin í Vestmannaeyjum. Raufin er V laga og oft er talað um suður eða norður Rauf til aðgreiningar. Fyrir ofan Raufina er gamla gatan, sem Ási í Bæ gerði eftirminnilega í texta við lag Oddgeirs Kristjánssonar, „Gamla gatan mín“, sem var þjóðhátíðarlög 1955. Fyrir neðan Raufina er Sölvaflá sem er ótrúlega litfögr í sólinni og margir Eyjamenn tína þar sólina sína. Nú hafði bæjarráð önglað saman rúmum 300 þúsund krónum sem átti að duga fyrir efniskostnaði. Vestmannaeyjabær lofaði að sjá um allan undirbúning, þ.e. jarðvegsvinnu og flutning á efni á byggingastað. Það var síðan í byrjun maí 2005 að lionsmenn mættu galvaskir með uppþrettar ermar í Stórhöfða í sannkallaðri Vestmannaeyjabliðu, en eitthvað hafði vafist fyrir yfirmönnum bæjarins að koma skilaboðum til undirmanna sinna, því ansi litlar jarðvegsframkvæmdir voru sýnilegar og allur timburstaflinn úti við þjóðveginn upp á Stórhöfða. Fyrstu tvö kvöldin fóru því í mikinn timburburð og jarðvegsvinnu og var grafið á handafla niður á klöpp fyrir undirstöðurnar. Við lionsmenn sömdu við góðan eyjapeyja er þá starfaði í Húsasmíðjunni um verulega veglegan afslátt,

sem endaði reyndar á því að Húsasmíðjan gaf nánast allt efnið í pallinn, enda ríkti svokallað góðæri á þessum tíma. Einnig gáfu Steini og Olli ehf okkur alla steypu fyrir undirstöðurnar og Guðmundur Richardsson verktaki lánaði okkur tæki til flutnings á steypunni að pallinum. Tækið komst reyndar ekki nema 2/3 hluta leiðarinnar vegna mikils hliðarhalla á enda leiðarinnar og sáum við lionsmenn um restina með hjólbörum 50 til 60 metra undan brekku og fram á brúnina þar sem mannvirkið myndi hanga utan í snarbrattri hlíðinni en þar undir ólgar Atlantshafið í allri sinni dýrð. Pallurinn var síðan afhentur Bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 28. maí 2005. Bergur Ágústson þáverandi bæjarstjóri tók við pallinum sem gjöf frá Lionsklúbbi Vestmannaeyja og Húsasmíðjunni hf við hátiðlega athöfn suður í Stórhöfða. Eins og sannir lionsmenn vorum við félagarnir afar stoltir af smíðinni og sköpunarverkinu og fórum við margar ferðir suður í Stórhöfða, bæði til að olíubera pallinn, reka sauðkindurnar af pallinum, en kindurnar voru greinilega mjög ánægðar með þessa nýju salernisaðstöðu og botnuðu ekkert í þessum leiðinda afskiptum okkar. Og einnig montuðum við okkur af smíðinni þegar fólk var á pallinum og við fundum svo sannarlega að ferðamenn voru gríðarlega ánægðir með þessa nýju aðstöðu.

Svo var það í desember 2007 að Erpur Snær Hansen starfsmaður Náttúrustofu Suðurlands hafði samband við okkur og óskaði eftir aðkomu okkar að nýju og stærra verkefni, því nú stóð til að breyta pallinum í hús. Það er rúmgott fuglaskoðunarhús sem nota ætti næstu ár, en fyrir dyrum stóð víðamikil rannsókn á hegðun lunda og fleiri sjófuglum við Vestmannaeyjar. Erpur Snær mætti á lionsfund tilokkar og flutti þar frábært erindi um væntanlegar rannsóknir sem væru víðamiklar og margir vísindamenn komi víða að í verkefnið. Hugmyndir Erps Snæs var á þá leið, að Náttúrustofa Suðurlands sækti um styrk til byggingar hússins og einnig göngustígs að húsinu með góðu aðgengi fyrir

fatlaða sem og ófatlaða. Sjóður sá sem átti að sækja um styrkinn til var settur á stofn til styrktar ferðaþjónustu á landsbyggðinni, vegna skerðingar á fiskikvóta og einnig vegna þess að góðærið svokallaða átti frekar erfitt með að fara yfir helstu fjallvegi umhverfis höfuðborgarinnar að sögn Erps Snæs. Það var síðan í lok mars 2008 að svar barst frá títtnefndum sjóði, beiðni Náttúrustofu Suðurlands um styrk til byggingar fuglaskoðunarhús var samþykkt á síðasta fundi sjóðsins. Þá var ekki til setunnar boðið, heldur brettar upp ermar og farið á fund bæjarstjórnar okkar Elliða Vignissonar og reyndum við að kreista út nokkuð margar krónur sem við ætluðum til lagningar göngustígs að húsinu góða. Elliði hélt fast um peningakistilinn hjá bænum og ráðlagði okkur að senda bréf til Umhverfisráðs Vestmannaeyjabæjar og skýra út okkar hugmyndir sem og við gerðum og lögðum fram kostnaðaráætlun og enn hefur Umhverfisráð ekki svarað erindinu okkar. En ermarnar hjá okkur lionsmönnum voru sem sé uppþrettar og hófust framkvæmdir 24. apríl 2008. Hömuðust lionsmenn að jafnaði 3 til 4 kvöld í hverri viku við byggingu hússins undir vökulum augum sauðkindanna sem skyldu litið í þessu brambolti okkar lionsmanna viku eftir viku. Það var síðan þann 2. júlí 2008 að byggingu hússins var lokið og Náttúrustofa Suðurlands fékk húsið afhent til notkunar. Greiðsla fyrir verkið barst reyndar ekki fyrr en í lok September, rétt fyrir hrun bankanna, en við lionsmenn vonum að þessi greiðsla hafi ekki sett bankana í þrot! Eitt atriði er enn ófrágengið varðandi húsið í Stórhöfða, en það er formleg afhending og var Náttúrustofa Suðurlands búin að lofa okkur að bjóða í gott partý fljótlega. Þannig týnist tíminn.

*Myndahöfundur eru ýmsir en lundamyndirnar tók Óskar Pétursson*

*Ingimar Heiðar Georgsson  
Lionsklúbbi Vestmannaeyja*






Allt skal vera rétt mælt og hornrétt



Pallurinn tilbúinn



Hlið pallsins sem snýr á haf út



Timbrið borið í fyrrihugað fuglaskoðunarhúsi



Búið að forma húsið og byrjað að skrúfa klæðningu



Verkið komið vel af stað og húsið farið að taka á sig mynd



Reisulegt og glæsilegt hús



Búið að ganga frá jární á þakið



Remurnar komnar á sinn stað



Húsið í byggingu og Raufin og hafið blasa við




Merking um gönguleiðina að fuglaskoðunarhúsi



Göngustígur og bílapan



Raufin og ólgandi Atlantshafið







Fuglinn fyllir brekkurnar í Raufinni



Upplýsingaskilti inn í húsinu



Gengið frá rennilokum fyrir myndatöku





## Lionsklúbburinn Úa 19.05. 2021

### Gleðilegt sumar



Gleraunapökkunin kláraðist 29.apríl, þar sem Úur lögðu sitt af mörkum í samstarfsverkefnið á landsvísu, ásamt Lkl. Mosfellsbæjar, áður höfðu félagar í Lkl. Fold mætt til að pakka.

Nú er búið að innsigla kassana og þeir tilbúnir í hendur verkefnafundar Lions. Eitt af nokkrum skemmtilegum samstarfsverkefnum starfsársins að baki.

#### Lokafundur Úu í raunheimum.

Á óvenjulegum tíma eða laugardaginn 8. maí var haldinn lokafundur og skemmtifundur í Safnaðarheimili Lágafellssóknar í Mosfellsbæ. Þessi tími var valinn þar sem skemmtinefndin ætlaði að vera með ferð út í bláinn, en breytti á síðustu stundu vegna vissra ástæðna. Stjórnin hélt lokafund og fóru fram stjórnarskipti.

Síðan tók skemmtinefndin við. Þetta var hið ánægjulegasta kvöld, góður matur framreiddur af fyrrum félaga í Úu, Ingu Rósu Gústafsdóttur. Mikið spjallað, hlegið og sungið, greinilega þörf fyrir að hittast í raunheimum. Söngstjóri klúbbsins Signý Sigtryggisdóttir leiddi söng með gítarundirspili.

Þrátt fyrir takmarkanir til að hittast á fundum í vetur, héldu Úur fundi á Zoom og erum við reynslunni ríkari að hafa getað nýtt okkur þá tækni. Haldnir voru nefndarfundir, stjórnarfundir og klúbbfundir á Zoom. Klúbburinn hittist í raunheimum þrisvar sinnum.

Klúbburinn gerðist Modelklúbbur, en á fjölumdæmisþinginu 15. maí fékk Þorbjörg Friðriksdóttir formaður þakkarviðurkenningu alþjóðaforseta, Sigríður Guðmundsdóttir GMT félagafulltrúi 109 B fékk leiðtogaorðu alþjóðaforseta og Kristín Davíðsdóttir þakkarviðurkenningu sem svæðisstjóri á svæði 1-2 í umdæmi 109 B.

Við erum afar stoltar af okkar félögum sem eru vel að þessu komnar.

Í júní verður gróðursetning að vanda í Úlundu í Skammadal.

Með kveðju frá Lionsfélögum Lkl. Úa.

*Fyrir hönd félaga og fjölmiðlanefndar.*

*Dagný Finnsdóttir*